Reykjavíkurborg

Reykjavík, 14. desember 2023
USK23120026

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 13. desember 2023 varðandi eftirfarandi mál:

**Gufunes 1. áfangi - breyting á deiliskipulagi - Jöfursbás**

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Gufuness vegna endurskipulagningar á bílastæðum. Í breytinginni sem lögð er til felst að við Jöfursbás færast skipulagsmörk til austurs og stækkar skipulagssvæðið um 1,4 ha, auk þess sem bílastæðum við Jöfursbás er fjölgað um samtals 61 stæði, samkvæmt uppdr. Verkís, dags. 20. nóvember 2023. Gert er ráð fyrir gönguleið að og meðfram bílastæðum, til samræmis við aðliggjandi deiliskipulag. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

> Breytingin felur í sér að setja bílastæði á lóð til að mæta þörfum íbúa í hverfinu, setja á 61 bílastæði. Upphaflega áttu engin bílastæði að vera innan lóðar. Það var auðvitað ekki raunhæft á þessum stað. Þarna gengur einn strætisvagn og ekki á að koma þarna nein borgarlína.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
*Umhverfis- og skipulagssvið*
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða*

Fylgiskjöl: uppdr. Verkís, dags. 20. nóvember 2023.

REYKJAVÍKURBORG

# GUFUNES - BREYTING Á DEILISKIPULAGI VEGNA ENDURSKIPULAGNINGAR Á BÍLASTÆÐUM




Upprunalegt skipulag sem tók gildi 1. mars 2019




Gildandi skipulag - breyting sem tók gildi 7. október 2022




Breytt skipulag

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, þéttbýlisuppdráttur




## ALMENNT

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Gufunes, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Deiliskipulagið var samþykkt þann 21. febrúar 2019 og tók gildi þann 1. mars 2019. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á deiliskipulaginu, síðasta breyting tók gildi 7. október 2022.

Tilgangur skipulagsbreytingar er að fjölga bílastæðum við Jöfurbás til að mæta þörfum íbúa í hverfinu. Samhliða breytingu þessari er gerð breyting á deiliskipulagi Gufunes - samgöngutengingar, breyting á skipulagsmörkum og mæliblaði 2.216.0 fyrir Gufunesveg 4.

## DEILISKIPULAGSBREYTINGIN

Breytingin felst í að við Jöfurbás færast skipulagsmörkin til austurs og stækkar skipulagssvæðið um 1,4 ha. Bílastæðum við Jöfurbás er fjölgað um samtals 61 stæði. Gert er ráð fyrir gönguleið að og meðfram bílastæðum, til samræmis við aðliggjandi deiliskipulag.

Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi skipulags.

## ÁHRIF BREYTINGAR

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfið miðað við gildandi deiliskipulag. Fjölgun bílastæða felur í sér lítilsháttar aukið rask en á móti kemur að aðstæður innan íbúðarhverfisins batna. Breytingin hefur jákvæð áhrif á gönguleiðir og útivist, þar sem göngutengingar á svæðinu eru efldar.

## SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Deiliskipulagsbreytingin
- Kvöð um aðkomu neyðarbíla
- Lóðir
- Byggingarreitur
- Götur
- Bílastæði
- Hús (dæmi um lausnir)
- Fótgangandi vegfarendur
- Græn almenningssvæði
- Hjólastígur
- Tré og runnar
- Fornleifar 100 ára eða eldri
- Veghelgunarsvæði mögulegrar Sundabrautar - til skýringar

## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagbreyting þessi sem hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á

____________________________

þann ________________ 20___.

______________________________

Tillagan var grenndarkynnt frá ____________ 20___ með

athugasemdafresti til __________ 20___.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann ___________ 20___.

DEILISKIPULAG GUFUNES

BREYTING Á DEILISKIPULAGI VEGNA ENDURSKIPULAGNINGAR Á BÍLASTÆÐUM

| | | |
|---|---|---|
| MKV. 1:1000, 1:2500/A2 | DAGS. 20. nóvember 2023 | VERKFANG: 18117-006 |
| UNNIÐ AF: ÞRS | RÝNT: EBK | SAMÞ: EBK |

Grunnar eru í Reykjavíkurhnitum

VERKÍS

V:\18\18117\teikn\+U\U24 Skipulag\Breyting dsk Jöfurbás\18117-006-dskbr-Jöfurbas-UPPDR.dgn

REYKJAVÍKURBORG

# GUFUNES - SAMGÖNGUTENGINGAR - BREYTING Á SKIPULAGSMÖRKUM




Gildandi skipulag, gildistaka 8. febrúar 2022




Breytt skipulag

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, þéttbýlisuppdráttur




## SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Nýr vegur - til bráðabirgða
- Nýir stígar - leiðbeinandi
- Möguleg Sundabraut - til skýringar
- Möguleg undirgöng - til skýringar
- Veghelgunarsvæði mögulegrar Sundabrautar - til skýringar
- Núverandi vegir
- Núverandi stígar
- Bílastæði - til skýringar
- Áningastaður
- Trjá- og runnagróður - til skýringar
- Opið svæði/Hallsteinsgarður
- Opið svæði
- Landmótun/mön
- Fornleifar 100 ára eða eldri
- Herminjar frá 1940 og eldri
- Minjar frá 1930 og yngri
- Friðhelgað svæði fornminja
- 267-8 Númer á fornminjum eldri en 100 ára og herminjum

## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagbreyting þessi sem hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á

______________________________

þann ________________ 20___.

_________________________________

Tillagan var grenndarkynnt frá _____________ 20___ með

athugasemdafresti til __________ 20___.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann ___________ 20___.

## ALMENNT

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Gufunes - samgöngutengingar, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Deiliskipulagið var samþykkt í borgarráði þann 9. desember 2021 og tók gildi 8. febrúar 2022.

Tilgangur breytingar er skapa svigrúm fyrir breytt umfang bílastæða í aðliggjandi skipulagi fyrir Jöfurbás. Samhliða breytingu þessari er gerð breyting á deiliskipulagi Gufuness vegna endurskipulagningar á bílastæðum. Ennfremur er gerð breyting á mæliblaði 2.216.0 fyrir Gufunesveg 4.

## DEILISKIPULAGSBREYTINGIN

Breytingin felst í að við Jöfurbás færast skipulagsmörkin til austurs. Skipulagssvæðið minnkar um 0,8 ha og verður 21,39 ha að stærð.

Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

## ÁHRIF BREYTINGAR

Breytingin er ekki talin líkleg til að hafa neikvæð áhrif á einstaka aðila eða svæði.

GUFUNES - SAMGÖNGUTENGINGAR
BREYTING Á SKIPULAGSMÖRKUM

| | | |
|---|---|---|
| MKV. 1:2000/A2 | DAGS. 20. nóvember 2023 | VERKFANG: 18117-005 |
| UNNIÐ AF: ÞRS | RÝNT: EBK | SAMÞ: EBK |

VERKÍS

V:\18\18117\teikn\+U\U24 Skipulag\18117-DSK uppdráttur Gufunes-breyting 2023.dgn

Grunnar eru í Reykjavíkurhnitum